

Tillaga um lýðræði í skólastarfi og umbætur á starfi skólaráða

Lagt er til að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og grunnskóla í Reykjavík, að vinna markvisst að lýðræði í skólastarfi og umbótum á starfi skólaráða m.a. varðandi kosningu fulltrúa, upplýsingamiðlun skólaráða og stuðning við fulltrúa nemenda. Skólastjórnendur og nemendur fá fræðslu og stuðning til að tryggja að skólaráð sé virkur samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Könnun um starfsemi skólaráða verði lögð fyrir skólastjórnendur og fulltrúa nemenda í skólaráði á árinu 2021 til að meta árangur aðgerða.

Greinargerð:

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að við grunnskóla skuli starfa skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag, gerð er grein fyrir hlutverki þeirra og hvernig standa skuli að kosningu í þau.

Í júní 2019 lagði skrifstofa skóla- og frístundasviðs fyrir könnun meðal skólastjóra í Reykjavík um starfsemi skólaráða. Svör bárust frá öllum skólum. Í niðurstöðum kom fram að í 36% tilfella er kosið í stjórn nemendafélaga og ákveðið innan stjórnarinnar hver situr í skólaráði og í 44% tilvika eru fulltrúar nemenda kosnir sérstaklega í skólaráð. Í þremur af 36 skólum eru það sömu nemendur sem sitja í stjórn nemendafélags og sitja í skólaráði og í einum skóla eru nemendur valdir af kennara eða þeir bjóða sig fram til setu í skólaráði. Það er mikilvægt að tryggja að það sé stjórn nemendafélags sem ákveður fyrirkomulag á vali á fulltrúum nemenda í skólaráð og að fulltrúar séu ekki valdir með öðrum hætti.

Í sömu könnun kemur fram að 9% tilvika funda fulltrúar nemenda í skólaráði aldrei með öðrum fulltrúum nemenda fyrir skólaráðsfundi og 42% gera það sjaldan. Í 69% tilvika fá fulltrúar nemenda í skólaráði alltaf eða stundum stuðning frá starfsfólki skólans við undirbúning skólaráðsfunda en í 22% tilvika fá þessir fulltrúar sjaldan stuðning og í 9% tilvika aldrei. Það má því segja að það felist sóknarfæri í því að veita fulltrúum nemenda markvissari stuðning í starfi sínu í skólaráði og einnig varðandi það að tryggja farveg fyrir þessa fulltrúa varðandi samráð við stjórn nemendafélags og aðra nemendur viðkomandi skóla.

Í könnun sem SAMFOK lagði fyrir í byrjun árs 2020 meðal skólaráðsfulltrúa foreldra kom fram að í 23,2% skólaráða væru fundargerðir ekki birtar á heimsíðu skólans og 35,7% skólaráða hefðu ekki fundað með stjórn nemendafélags á skólaárinu.

Það er mikilvægt að leita leiða í samráði við hvern grunnskóla til að gera vinnu og fundargerðir skólaráða sýnilega fyrir bæði foreldrum og nemendum og að fundir sem skólaráði ber að halda með stjórnnum nemendafélaga samkvæmt lögum séu haldnir.

Í *Handbók um skólaráð* – fyrir skólaráð sem unnin var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar 2017 er nánar skýrt frá því hvert er hlutverk skólaráðs og bent á hagnýtar leiðir sem fulltrúar í skólaráði geta haft til hliðsjónar í störfum

sínum. Handbókin er mikilvægur stuðningur fyrir þá fulltrúa sem eiga sæti í skólaráði og einnig fyrir þá sem vilja veita t.d. fulltrúum nemenda í skólaráði sérstakan stuðning og mikilvægt að fulltrúum nemenda og sé skapaður vettvangur til að fara yfir og kynna sér innihald hennar.